

SKTL3TV05

Búið til: Mon, 14 Sep 2020 12:48:09 GMT

Titill

Tónlistarviðburðir, undirbúningur og æfingar

Skammstöfun

SKTL3TV05

Útgáfunúmer

3

Námsgrein

Skapandi tónlist

Viðfangsefni

Tónlistarviðburðir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar að því að gefa nemendum yfirlit og betri þekkingu á tónleika- og viðburðarhaldi, undirbúningi, kynningum, æfingum o.fl. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér mismunandi flutningsstílum, læri um mikilvægi góðrar kynningar og góðs undirbúnings fyrir tónlistarflutning. Einnig verður fjallað um atvinnumöguleika í tónlistargeiranum.

Forkröfur

10 einingar á 2. þrepi í skapandi tónlist.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tónleikahaldi
- mun á mismunandi flutningsstílum
- undirbúningi og æfingum fyrir tónlistarflutning
- mikilvægi samfélagsmiðla fyrir tónlistarfólk og tónlistarviðburði
- mismunandi störfum í boði fyrir tónlistarfólk

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- búa til einfalda áætlun fyrir tónleikahald
- skipuleggja tíma og verkefni fyrir æfingar
- sýna fram á skilning á mismunandi flutningsstílum og getu í flutningi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja á laggirnar sína eigin tónleika
- taka faglegar ákvarðanir um framkomu á tónleikum
- afla sér upplýsinga og þekkingar á störfum í boði í tónlist

Námsmat

Áfanginn er með símati alla önnina, ásamt lokaverkefni. Öll verkefni annar gilda til einkunnar.

Skólar

Fyrirmynd